



Knattspyrnudeild KR
Páll Kristjánsson, formaður
Jónas Kristinsson, framkvæmdastjóri

Úrskurður: Ósæmileg opinber ummæli þjálfara KR, mál nr. 9/2020

Reykjavík, 8. október 2020.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 6. október 2020 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar sama dag., skv. 21. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmileg opinber ummæli Rúnars Kristinssonar, þjálfara KR í mfl. kk., í viðtali sem birtust á vefmiðlunum Fotbolti.net og Vísir.is, þann 27. september 2020. Var um að ræða opinber ummæli sem eru að mati framkvæmdastjóra til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og með þeim sé vegið að heiðarleika leikmanns Fylkis í leik KR og Fylkis í Pepsi Max deild karla, þann 27. september sl.

Ummælin eru eftirfarandi:

„[...]Fíflangur í Ólafi Inga, hann hagar sér eins og hálfviti inn á vellinum og fiskar rautt spjald á markmanninn okkar og hendir sér niður, hann leitar með höfuðið í hendina á Beiti, sem er löngu búinn að kasta boltanum út. Þetta er bara ljótt og við viljum ekki sjá þetta í fótbolta.“

„[...]Ólafur Ingi hagar sér eins og fífl og er að leitast eftir því að koma hausnum sínum í hendurnar á Beiti sem er löngu búinn að kasta út boltanum, pata út höndunum og benda eitthvað, þá hleypur hann með hausinn í hendurnar á honum og hann er bara að fiska þetta. Hann lætur alltaf svona.“

„[...]Þegar menn eru að svindla og ná sér í stig þannig, þá er ég ekki sáttur.“

Greinargerðin var send til knattspyrnudeildar KR og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina.

Á fundi nefndarinnar 6. október 2020 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann 5. október sl. frá Stefáni Karli Kristjánssyni, fh. knattspyrnudeildar KR. Að henni virtri og öðrum fyrirliggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli Rúnars Kristinssonar hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummæli Rúnars undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.5, hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 100.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 6. október 2020 að sekta knattspyrnudeild KR, um kr. 50.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla Rúnars.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vill að lokum minna á nauðsyn þess að grein 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verði í heiðri höfð, en þar segir: *Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.*

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson